

Sp. 1. Tillaga til þingsályktunar [1. mál]

um rannsókn landgrunns Íslands.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson,
Jón G. Sólnes, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson,
Oddur Ólafsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegasta upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landsgrunns nálægra ríkja.

Greinargerð.

Réttindi strandríkja til landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu eru nú mjög til umræðu á alþjóðavettvangi. Reglur þjóðaréttar í því efni munu mótast á næstunni. Þekking okkar á íslenska landgrunninu utan 200 mílnanna til suðurs, vesturs og á Íslandshafi á Jan Mayen-svæðinu er ekki nægilega mikil, en fyllri upplýsingar gætu haft úrslitabýðingu er við heimtum þann rétt er Íslandi ber. Einskis má því láta ófreistað til að afla allra þeirra upplýsinga, sem finnast kunna án sérstakra vísindarannsókna, né skirrast við að leggja í kostnað við slíkar rannsóknir.